

1. fundur skipulags- og byggingarnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og Helgafellssveitar, haldinn á bæjarskrifstofu Grundarfjarðar, Grundargötu 30, miðvikudaginn 13.09.06. Fundurinn hófst kl. 21:00.

Mættir eru:

Halldór Jónsson, Þverá.

Jón Oddsson, Kolviðarnesi.

Benedikt Benediktsson, Saurum.

Jóhannes Eyberg Ragnarsson, Hraunhálsi.

Jökull Helgason, skipulags- og byggingarfulltrúi.

Dagskrá fundarins:

1. Kosning formanns og ritara fyrir nefndina.

Formaður var kosinn Halldór Jónsson. Ritari nefndarinnar verður Jökull Helgason byggingarfulltrúi.

2. Deiliskipulagstillaga fyrir Syðra-Lágafell í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Meðfylgjandi er deiliskipulagsuppdráttur unnin af Fríðu Björg Eðvarðsdóttir landslagsarkitekt.

Nefndin samþykkir framlagða deiliskipulagstillögu, byggingarfulltrúa falið að koma deiliskipulaginu til auglýsingar skv. skipulags- og byggingarlögum.

3. Deiliskipulagstillaga fyrir Innri-Kóngsbakka í Helgafellssveit.

Meðfylgjandi er uppdráttur unnin af Arkís arkitektum. Tillagan hefur þegar verið auglýst, engar athugasemdir bárust á auglýstum athugasemdafresti tillögunar.

Nefndin samþykkir framlagða skipulagstillögu og samþykkir að fela byggingarfulltrúa að koma tillögunni til samþykkis hjá Skipulagsstofnun skv. skipulags- og byggingarlögum.

4. Erindi dags. 23.06. '06 frá Sigfúsi Jónssyni.

Umsókn um útlitsbreytingu á íbúðarhúsi á Kljá í Helgafellssveit skv. teikningum frá Sigurði Björgúlfssyni arkitekt hjá VA-arkitektum.

Nefndin samþykkir erindið samhljóða.

5. Deiliskipulagstillaga fyrir Hrísdal I og II í Eyja- og Miklaholtshreppi.

Meðfylgjandi er uppdráttur unnin af Teiknistofunni Tröð.

Nefndin samþykkir framlagðan deiliskipulagsuppdrátt og samþykkir að fela byggingarfulltrúa að auglýsa skipulagið skv. skipulags- og byggingarlögum.

6. Erindi móttakið 30.08. '06 frá Bryndísi H. Guðmundsdóttur f.h. Félagsbúsins

Miðhrauni 2, í Eyja- og Miklaholtshrepp. Óskað er eftir heimild til að breyta notkun útihúsa.

Erindið samþykkt samhljóða.

7. Erindi dags. 12.09.06 frá ábúendum í Bjarnarhöfn í Helgafellssveit. Óskað er eftir leyfi nefndarinnar til að rífa fjárhús, votheysgrifju og hlöðu í Bjarnarhöfn, sem byggt var árið 1919.

Nefndin samþykkir erindi ábúenda í Bjarnarhöfn. Byggingarfulltrúa falið að senda Minjaverði Vesturlands í Stykkishólmi, tilkynningu um samþykkt nefndarinnar.

8. Erindi dags. 06.09.06 frá ábúendum að Stakkhammri í Eyja- og Miklaholtshreppi. Óskað er eftir leyfi fyrir stækkun á fjósi og fl. **Erindið samþykkt samhljóða.**

9. Til kynningar:

Drög að samningi um svæðisnefnd skipulags- og byggingarmála fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp og Helgafellssveit.

10. Önnur mál.

a) Byggingarfulltrúa falið að ræða við Guðrúnu Jónsdóttur arkitekt, vegna yfirstandandi vinnu við aðalskipulög fyrir Eyja- og Miklaholtshrepp og fyrir Helgafellssveit.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerð upplesin og staðfest. Fundi slitið kl. 22:00.